

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til Danmerkur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 17. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

21. maí 1974.

Nr. 41.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 21. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

11. mars 1974.

Nr. 42.

LÖG

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.